


Samband íslenskra sveitarfélaga

# INNLEIÐING SVEITARSTJÓRNARLAGA OG FJÁRMÁLAREGLUR

FJÁRMÁLARÁÐSTEFNA SVEITARFÉLAGA 2012


**Samband íslenskra sveitarfélaga**

Guðjón Bragason sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs



## MEGINEFNI ERINDIS


- 129. gr. um mat á kostnaðaráhrifum
- Til hvers voru fjármálareglurnar settar?
- Hverju var breytt í lögnum og hvaða svigrúm var við útfærslu reglugerðarinnar?
- Hvernig var sjónarmiðum sveitarfélaga mætt í reglugerðinni?
- Hvaða annmarka er helst hægt að sjá strax?
- Helstu önnur verkefni tengd innleiðingu laganna



## KOSTNAÐARÁHRIF LAGA OG REGLUGERÐA

- 129. gr. sveitarstjórnarlaga felur í sér skýra skyldu til að kostnaðarmeta lög og reglugerðir sem hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin


*“Mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög samkvæmt þessari grein skal liggja fyrir áður en frumvarp er lagt fram í ríkisstjórn til framlagningar á Alþingi eða áformuð stjórnvaldsfyrirmæli eða aðrar aðgerðir af hálfu stjórnvalda eru endanlega ákveðnar.”*
- Ráðuneyti sveitarstjórnarmála skal taka saman árlegt yfirlit um kostnaðarmat. Formlegar viðræður skulu fara fram um yfirlitið og niðurstöður þess í samstarfsráði.



## INNLEIÐING KOSTNAÐARMATS


Nokkur ráðuneyti þekkja sínar skyldur mjög vel,

- Tilraunaverkefni hófst árið 2001 með þátttöku tveggja ráðuneyta en öll með frá 2006.
- Nokkur ráðuneyti vita lítið um verkefnið og þurfa betri kynningu en vilji er til að virða lagaskyldu
- Verklag þarf að slípast en byrjunin lofar góðu
  - Frumvörp stoppa í ríkisstjórn ef kostnaðarumsögn vantar – mikil framför!
  - Hvað með þingmannafrumvörp og breytingar á frv. í meðförum Alþingis?
  - Styrkja þarf eftirlit með reglugerðum – Stjórnartíðindi eða lagaskrifstofa FOR?



# BAKGRUNNUR FJÁRMÁLAREGLNA

- Samkomulag við fjármálaráðherra 2007
- Lítið þokaðist fyrr en með aðkomu erlendra sérfræðinga frá Evrópuráðinu og AGS
- Ráðgjöf AGS er að efla fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga til að ná betri tökum á hagstjórn og áætlanagerð hins opinbera
- Sambandið hefur lengi lýst áhuga á að eiga nánara samráð við ríkið um hagstjórn
- Markmið að fjármál hins opinbera verði í samræmi við ákveðin mörk og viðmið við hagstjórn landsins




## BREYTINGA VAR ÞÖRF

- Fjárhagslegt svigrúm sveitarfélaganna var mun meira en í nágrennaríkjum.

- *Sveitarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess*


Með nýju lögnum færumst við nær meðaltali í alþjóðlegum samanburði.

- Mikilvægt að ekki er verið að stökkva úr einum öfgum í aðrar.
- Sjálfbærni í rekstri og hófleg skuldastaða eru forsenda sjálfsforræðis sveitarfélaga



## VIÐBRÖGÐ LANDSPINGS SAMBANDSINS 2011


- Jákvæð umræða um meginmarkmið tillagna um nýjar fjármálareglur:
  - Nauðsynlegt að setja skýrar fjármálareglur sveitarfélaga
  - Ýmsar gagnlegar ábendingar um útfærslu og gagnrýni á ýmis framkvæmdaratriði
- Mikil viðhorfsbreyting í garð fjármálareglna eftir hrunið
  - Slæmt fyrir öll sveitarfélög ef eitt lendir í greiðsluþroti
  - Meiri agi styrkir stöðu sveitarfélaga gagnvart ríkinu



## ÁBENDINGAR Á LANDSPINGI OG FJÁRMÁLARÁÐSTEFNU 2011


- Á að nota brúttóskuldir eða taka tillit til peningalegra eigna?
- Líta þarf til framlegðar sveitarfélaga og veltufjár frá rekstri við mat á fjárhagsstöðu þeirra og langtímahorfum
- Taka ætti tillit til lífeyrisskuldbindinga við mat á skuldum en ekki til jafns við vaxtaberandi skuldir
- Hvernig verður farið með samstarf ríkis og sveitarfélaga þegar sveitarfélag er að taka að sér verkefni ríkisins, t.d. byggingu hjúkrunarheimilis?
- Hvers vegna ætti að gera greinarmun á OR og orkufyrirtækjum annarra sveitarfélaga?






## SVIGRÚM Í REGLUGERÐARVINNUNNI

- Ekki hægt að víkja frá fyrirmælum laganna, t.d. um jafnvægi í rekstri og frest til að skila aðlögunaráætlunum
- Skýr heimild í 64. gr. laganna til að útfæra reglur um frávík frá skuldaviðmiði skuldbindinga á borð við lífeyrisskuldbindingar, hjúkrunarheimili
- Skylda samkvæmt brb.ákvæði að skilgreina undantekningu vegna veitu- og orkufyrirtækja
- Svigrúmið töluvert en í reglugerð var lögð áhersla á að fylgja markmiðum laganna




## NIÐURSTAÐA Í REGLUGERÐINNI

- Lífeyrisskuldbindingar aðeins reiknaðar að hluta
- Greiðslur ríkisins vegna hjúkrunarheimila og framhaldsskóla koma til frádráttar skuldaviðmiði (hvað varðar fjárfestingu)
- Stærstu orkufyrirtækin tekin út fyrir sviga
- Peningalegar eignir koma til frádráttar skuldbindingum við útreikning skuldahlutfalls
  - 14. gr. rg. Sé hreint veltufé jákvætt skal draga það frá heildarskuldum og skuld-bind-ingum.
- Heildarmat á fjárhagsstöðu
  - Sjá 15. gr. um Aðrar lykiltölur.




## MEÐFERÐ LEIGUSAMNINGA VIÐ RÍKIÐ

- *14. gr. rg. Leiguskuldbinding frá ríkissjóði:* Ef sveitarfélag hefur gert samning við ríkissjóð um fjár-mögnun verkefna um fasteignir, sem felur m.a. í sér langtímaskuldbindingu af hálfu ríkis-sjóðs um stöðugar tekjur af fjárfestingunni, er heimilt að draga frá heildarskuldum og skuld-bindingum núvirta fjárhæð þess hluta leiguverðsins á samningstíma, sem ætlaður er vegna fjárfestingarinnar. Við útreikninginn skal jafnframt draga frá fjárhæð leiguverðsins. For-senda fyrir frádrætti er að upplýsingar um núvirta fjárhæð leigusamnings vegna fjár-fest-ingarinnar komi fram í skýringum ársreiknings ásamt fjárhæð leiguverðs vegna við-komandi reikningsárs.



## MEÐFERÐ LÍFEYRISSKULDBINDINGA


- *14. gr. rg. Lífeyrisskuldbindingar:*
- Draga skal frá heildarskuldum og skuldbindingum núvirði lífeyris-skuldbindinga sem áætlað er að komi til greiðslu lífeyris eftir 15 ár og síðar.
- Forsenda fyrir frádrættinum er að fram komi í skýringum ársreiknings upplýsingar um skiptingu núvirðis lífeyrisskuldbindinga vegna greiðslu lífeyris næstu 15 árin og eftir það.



## ORKU- OG VEITUFYRIRTÆKI

### 12. gr. *Regla vegna veitu- og orkufyrirtækis.*


- Ef heildarútgjöld allra veitu- og/eða orkufyrirtækja sem færð eru í B-hluta eru umfram 15% af heildarútgjöldum A- og B-hluta í reikningsskilum sveitarfélags eða ef heildarskuldir og skuldbindingar veitna eru umfram 30% af heildarskuldum og skuldbindingum skal undan-skilja reikningsskil við-komandi veitu- og/eða orkufyrirtækja frá útreikningum á viðmiðum skv. 13. og 14. gr. reglugerðar þessarar.



## HLUTVERK EFTIRLITSNEFNDAR


### 10. gr. rg. *Málsmeðferð EFS og meðalhóf.*

- Eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þessarar reglugerðar skulu byggjast á heildarmati á fjárhagslegri stöðu sveitarfélaga
- Við framkvæmd eftirlits og beitingu úrræða skal velja þau úrræði sem líklegust eru til að þau markmið sem að er stefnt nái fram að ganga, að teknu tilliti til sjálfstjórnar sveitarfélaga



## ÁHRIF FJÁRMÁLAREGLNA


- Almennt er fjárhagsstaða sveitarfélaga viðunandi
- Mörg sveitarfélög þurfa samt að bæta framlegð
- Flest sveitarfélög munu eiga auðvelt með að uppfylla skilyrði fjármálareglna og lánardrottinnar þurfa ekkert að óttast
- Nokkur sveitarfélög þurfa að taka mjög fast á vanda sínum og sum munu gera samning við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga
- Kröftugur hagvöxtur og styrking ISK gæti hjálpað sveitarfélögum að laga fjárhagsstöðu sína verulega.



## MAT Á REGLUGERÐINNI?


- Markmiðið var að skapa sátt um það regluverk sem unnið verður eftir:
  - Aðlögun sveitarfélaga að hertum fjármálareglum er flókið verkefni – EFS fær mikil völd en reynsla sveitarfélaga af samstarfi við nefndina er almennt góð
  - Gagnrýnin núna snýr aðallega að fráviki vegna orku- og veitufyrirtækja. Það frávik er tilkomið vegna ábendinga erlendra sérfræðinga.
- Ótímabært að kveða upp dóma á þessu stigi, en eflaust þarf að gera einhverjar breytingar fljótlega á regluverkinu





## VERKEFNIN ERU FLEIRI!

- Fyrirmynd að samþykktum sveitarfélaga
  - Vinna gengið hægt en drög eru í yfirlestri
  - Þarf að vera forgangsmál hjá sveitarstjórnnum að ljúka endurskoðun samþykktu fyrir áramót
  - Ákvarðanir um allmörg atriði, svo sem hlutfall íbúa sem geta krafist atkvæðagreiðslna um einstök mál, skilgreiningu fastanefnda, áheyrnarfulltrúa o.m.fl.
  - Gefur líka tækifæri til að móta stefnu um framkvæmdaratriði á borð við valdframsal, nefndaskipan, afgreiðslu fundargerða o.m.fl.
- Leiðbeiningar um ritun fundargerða
  - yfirferð umsagna um drögin stendur yfir



## INNLEIÐINGIN Í SVEITARFÉLÖGUM

- Setning siðareglna
  - Nokkrar sveitarstjórnir hafa lokið gerð siðareglna og aðrar voru búnar að setja siðareglur fyrir árslok 2011.
  - Ætti að vera forgangsverkefni að ljúka gerð siðareglna
- Endurskoðun samstarfssamninga
  - Þarf að ljúka fyrir 1. október 2014
- Reglugerðir um undirskriftasafnanir
  - Stranda á tæknilegum atriðum um rafræn auðkenni
- Málstefna í sveitarfélögum
  - Enginn frestur gefinn í 130. gr. laganna. Ríkið á líka að setja málstefnu fyrir Stjórnarráðið